

Fundargerð verkefnastjórnar Sónaráætlunar Suðurlands 2015

nr. 1

Austurvegi 56, 16. mars, kl. 12:00

Mætt voru: Sandra Dís Hafþórsdóttir formaður verkefnastjórnar, Páll Marvin Jónsson, Runólfur Sigursveinsson og Bryndís Björk Hólmarsdóttir. Guðrún Hafsteinsdóttir boðaði forföll. Einnig sátu fundinn Bjarni Guðmundsson framkvæmdarstjóri SASS og Þórður F. Sigurðsson ráðgjafi sem jafnframt ritaði fundargerð. Dorothee Lubecki starfsmaður SASS kom inn á fundinn undir umræðum um lið 3 og vék af fundi að þeim umræðum loknum.

1. Samningur um Sónaráætlun Suðurlands 2015 – 2019

Samningurinn lagður fram til kynningar.

2. Hlutverk verkefnastjórnar

Verkefnastjórn felst á hlutverk sitt, sem úthlutunarnefnd skv. samningi um Sónaráætlun Suðurlands 2015 – 2019, auk þess að vinna að markmiðum samningsins sem eru eftirfarandi;

- A. Vinna að stefnumörkun landshlutans 2015-2019, að lágmarki í þeim málaflokkum sem kveðið er á um í samningi.*
- B. Ráðstafa fjármunum til áhersluverkefna á grundvelli stefnumörkunar landshlutans.*
- C. Úthluta styrkjum, m.a. til nýsköpunar- og atvinnuþróunarverkefna og verkefna á sviði menningarmála, á grundvelli stefnumörkunar landshlutans og opinberrar stefnumörkunar þegar við á.*

Verkefnastjórnin gengst einnig við eftirfarandi ákvæði í samningi um Sónaráætlun landshlutans og verður ákvæðið sem leiðarljós í störfum þeirra sem koma að vinnu við gerð Sónaráætlunar á Suðurlandi;

Þeir sem sitja í verkefnastjórn skulu gæta að vanhæfisreglum við ákvarðanatöku og víkja sæti ef fyrirliggjandi aðstæður eru til þess fallnar að draga úr trú á óhlutdrægni hans við val á verkefnum. Ef viðkomandi er vanhæfur, ber honum að víkja af fundi og skráist það í fundargerð. Ekki nægir að viðkomandi sitji hjá við atkvæðagreiðslu um mál sem hann er vanhæfur í. Við mat á vanhæfi skal hafa til hliðsjónar ákvæði stjórnsýslulaga nr. 37/1993 og 20. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011.

3. Verklags- og úthlutunarreglur Sóknaráætlunar 2015 til 2019

Verkefnastjórn samþykkir meðfylgjandi úthlutunarreglur. Framkvæmdarstjóra falið að senda stýrihópi stjórnarráðs Íslands um byggðamál úthlutunarreglurnar, til samþykktar, í framhaldi verða þær birtar á vef Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga.

4. Starfsáætlun verkefnastjórnar

Umræður um fundaáætlun og samspil við úthlutanir og fundi vinnuhópa og fundi stjórnar SASS. Stefnt að reglubundnum fundum yfir árið svo samfella haldist í starfinu. Ákveðið að leggja fram áætlun um dagsetningar funda á árinu 2015, á næsta fundi verkefnastjórnar.

5. Fjárhagsáætlun Sóknaráætlunar 2015 – 2019 - fyrir árið 2015

Umræður um fjármál verkefnisins. Framkvæmdarstjóra falið að vinna að áætlun sem lögð yrði fram á næsta fundi verkefnastjórnar, í samræmi við umræður á fundinum.

6. Samráðsvettvangur Sóknaráætlunar

Umræður um hlutverk samráðsvettvangsins. Framkvæmdarstjóra falið að leggja til við stjórn SASS að málið verði tekið upp á þeirra vettvangi við fyrsta tækifæri, eins og kveðið er á um í samningi um Sóknaráætlun.

7. Stöðugreining Suðurlands

Til kynningar og umræðu ýmis gögn sem tengjast efnisflokkum Sóknaráætlunar og eiga að liggja til grundvallar ákvörðunum og stefnumörkun í málaflokkunum. Upplýsingasafnið verður gert aðgengilegt verkefnastjórninni og þeim sem koma að vinnu við gerð Sóknaráætlunar ásamt því að sem mestum upplýsingum verði gerð skil á vef samtakanna.

8. Staða eldri verkefna

Rætt um stöðu þeirra verkefna sem stofnað hefur verið til á grundvelli fyrri samninga um Sóknaráætlun, Vaxtarsamning og Menningarsamning - sem nú eru sameinaðir í nýjum samningi um Sóknaráætlun Suðurlands 2015 – 2019.

- a. Sóknaráætlunarverkefni
- b. Styrkveitingar til atvinnuþróunar- og nýsköpunar
- c. Menningarstyrkir

9. Styrkveitingar 2015

Eftirfarandi var ákveðið um framkvæmd styrkveitinga á árinu 2015;

- a. Úthlutanir á árinu 2015 verði tvær*
- b. Auglýst verði í fyrri úthlutun 43 milljónir króna*
- c. Auglýst verði eftir umsóknum frá og með næstu viku eða um leið og úthlutunarreglurnar hafa hlotið samþykkis hlutaðeigandi aðila*
- d. Opið verði fyrir umsóknir í 4 vikur*
- e. Auglýst verði til úthlutunar, í fyrri úthlutun, allt að 25 mkr. til verkefna á sviði atvinnuþróunar og nýsköpunar.*
- f. Auglýst verði til úthlutunar, í fyrri úthlutun, allt að 18 mkr. til menningarverkefna.*

10. Stefnumörkun og áhersluverkefni

Umræður um mögulega vinnuhópa og aðferðarfræði við stefnumótunarvinnu Sóknaráætlunar.

11. Önnur mál

Farið var yfir gögn sem landshlutasamtökin þurfa að standa skil á gagnvart eftirlitsaðilum, samningsaðilum og almenningi.

Fundi slitið kl. 16:20.